



Loftslagsstefna innri reksturs Kópavogsbæjar

Kópavogsbær ætlar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna reksturs sveitarfélagsins, halda öðrum neikvæðum umhverfisáhrifum í lágmarki og taka virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar. Stefnan tekur til allrar innri starfsemi Kópavogsbæjar, starfsstöðva, framkvæmda, innkaupa sem og starfsmanna.

Loftlagsstefna innri reksturs Kópavogsbæjar tekur mið af hlutverki, framtíðarsýn og gildum bæjarins og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Stefnan byggist á skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsamningnum um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og markmiðum stjórnvalda um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040. Stefnan er sett með hliðsjón af 5. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál.

Kópavogsbær er aðili að Loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins frá 2023 en stefnan er hluti af Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins. Kópavogsbær uppfyllir þannig kröfur um að draga úr og lágmarka samfélagslega losun.

Bæjarráð ber ábyrgð á framkvæmd þessarar stefnu og felur sviðs- og skrifstofustjórum Kópavogsbæjar eftirlit með framkvæmdinni og reglubundinni endurskoðun stefnunnar og uppfærslu aðgerðaáætlunar eftir þörfum. Upplýsingar um framgang stefnunnar verða kynntar skipulags- og umhverfisráði árlega

Kópavogsbær mun leggja áherslu á að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri sveitarfélagsins. Kópavogsbær ætlar að draga úr losun um 30% fyrir árið 2030 miðað við viðmiðunarárið 2023 og setja fram aðgerðir sem stuðla að kolefnishlutleysi fyrir árið 2040. Loftslagsstefna innri reksturs Kópavogsbæjar byggist á fjórum meginmarkmiðum til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda.

Jarðefnaeldsneyti

Notkun vistvænna orkugjafa verður í forgrunni og markvisst dregið úr notkun jarðefnaeldsneytis vegna starfsemi og þjónustu Kópavogsbæjar. Fyrir árið 2030 ætlar Kópavogsbær að draga úr losun vegna notkunar jarðefnaeldsneytis um 85% miðað við árið 2023.

Úrgangur

Dregið verður úr myndun úrgangs, stuðlað að hringrásarhagkerfi og aukið hlutfall endurvinnslu og endurnýtingar. Fyrir árið 2030 ætlar Kópavogsbær að draga úr losun vegna úrgangs frá rekstri um 40% miðað við árið 2023.

Orkunýting

Orkusparnaður og orkunýting verður að leiðarljósi í rekstri og viðhaldi húsnæðis á vegum bæjarins. Fyrir árið 2030 ætlar Kópavogsbær að draga úr losun vegna rafmagnsnotkunar um 25% og losun vegna heits vatns um 20% miðað við árið 2023.

Umhverfisvitund

Efla skal umhverfisvitund starfsfólks með fræðslu, skýrri upplýsingamiðlun og jákvæðum hvötum þannig að sjálfbærar og loftslagsvænar ákvarðanir verði hluti daglegs starfs og þjónustu sveitarfélagsins.